# Upplaun Ísraelsríkis. Saga af blóðþyrstum fasistafólum og stúlkuskinni

Ísraelskir hermenn komu auga á grunsamlega bifreið. Þeir skutu á hana 355 skotum. Litla stúlkan, sem í henni sat, var tryggilega drepin. Og einnig þeir, sem þustu á vettvang við ódæðið. Ætli komi að því, að eilífur eldur verði látinn brenna til minningar um myrt börn Palestínumanna eins og þau bosnísku í Sarajevó?

Fáir eru knárri við morð á börnum en ísraelski varnarherinn. Listina lærði hann af bandaríska og breska hernum, sbr. Hamborg, Dresden, Víetnam, Serbíu og Líbíu, svo dæmi séu tekin.

Stór-Ísrael skal verða að veruleika, hvað sem tautar og raular. Svo virðist sem Ísraelsmenn færist allir í aukana, eftir kosningu Donald Trump til forseta Bandaríkjanna. Bandarískum og vestur-evrópskum sprengjum rignir yfir íbúa Líbanon og Gaza. Bandaríkjamenn hafa í hótunum við Sýrlendinga og Ísraelar láta að því liggja að ráða Basher al-Assad af dögum. Bæði Líbanon og Sýrland eru hluti þess Stór-Ísraels, sem er í burðarliðnum.

Gaza er eins og allir ættu að vita, í rúst. Ísraelsher einbeitir sér að norður hlutanum, sem er mikilvægari með tilliti til uppbyggingar olíuiðnaðar. Erlendir leigumorðingjar koma að mótun framtíðarskipulags fyrir svæðið. Í bígerð eru víggirtar fangabúðir fyrir þá íbúa Gaza, sem lifa af kerfisbundna útrýmingu með vopnavaldi og svelti. Meðan Bandaríkjamenn og Nató halda verndarhendi yfir ísraelsku ríkisstjórninni, fer hún sínu fram. Blóðþorstann þarf að slökkva.

Þó kynnu raðir stuðningsmanna hinnar fasísku Ísraelsstjórnar að riðlast, bæði innan lands og utan. Réttvísin verður til að mynda nærgöngulli við Bensa-barnamorðingja. Þó ekki vegna stríðsglæpa, heldur spillingar og svika. Raddir, sem krefjast rannsókna á þætti hans í árásum Hamas og gíslatökunni, verða háværari. Bensi-barnamorðingi rekur þá, sem láta í ljósi ágreining, jafnvel þótt samsekir séu. Varnarmálaráðherra, Yoav Galant, var t.d. látinn fjúka. Mannréttindasamtök í Ísrael krefjast vopnahlés.

Á erlendum vettvangi ókyrrast fleiri leiðtogar hins „frjálsa heims." Þó ekki þeir íslensku. Malasía leggur til að Ísrael verði vikið úr Sameinuðu þjóðunum, enda er aðild þess skilyrt því, að ríkið fari að lögum og reglum samtakanna, sbr. ályktun Allsherjarráðsins nr. 273. Samþykktir þess hafa verið virtar að vettugi tæplega þrjú hundruð sinnum.

Ríki í Samtökum Arabaríkja (Arab League) og Samtökin um samvinnu meðal Múhammeðstrúarmanna (Organization of Islamic Cooperation), 79 að tölu, áttu fund

í Riyad um daginn. Hvor tveggju fordæmdu þjóðarmorð Ísrael í Palestínu og Líbanon. En hætt er við, að látið verði sitja við orðin tóm. Jemen er þó undantekning og Sýrlendingar neita að beygja sig og bukka fyrir Bretum, Bandaríkjamönnum og Ísraelum, og bjóða þeim birginn eins og bandamönnum þeirra í ISIS.

Þeir morðingjar og hrokagikkir, sem ríkinu stjórna hafa ekki einungis gefið Sameinuðu þjóðunum langt nef og kallað þær „hryðjuverkasamtök" heldur er aðalritaranum meinað að drepa niður fæti í ríkinu. Hann dirfðist að mótmæla árásum á friðarliða í Líbanon.

Tyrklandsforseti hefur skýrlega gefið í skyn, að hann muni beita sér fyrir vopnasölubanni til Ísraels. Það er þó líklega „sjálfsímyndarfegrunaraðgerð." Honum væri í lófa lagið að skrúfa fyrir olíuna, sem streymir frá Aserbædsjan. Sú olía, sem Bandaríkjamenn stela frá Sýrlendingum, dygði skammt til að halda drápsvél Ísraela gangandi.

Annars virðist varnarher Ísraela eiga heldur bágt um þessar mundir. Hamasliðar berjast enn og Hisbolla hleypir þeim ekki inn í Líbanon landleiðina. En vitaskuld drepa þeir óbreytta borgara í hrönnum í loftárásum.

Um leið og flughernum er veitt mótspyrna lyppast hann niður. Ísraelski flugflotinn gerði – með aðstoð Bandaríkjamanna eins og endranær – árásir á aðalfjanda þeirra beggja, Írana. Hann þurfti þó að snauta heim og vann takmarkað tjón. Nú bíða Ísraelar, Bretar og Bandaríkjamenn, milli vonar og ótta, eftir næstu árás Írana. Undirbúningur er á fullum snúningi. Árásin mun koma. Allt bendir til, að Rússar hafi útvegað bandamönnum sínum vopn, sem duga. Kínverjar virðast líka reiðubúnir.

Upplausn Ísraelsríkis er að öllum líkindum óhjákvæmileg, enda þótt stjórn ríkisins sé vígreif. Innlimum Vesturbakkans (Galelíu og Samaríu) með stuðningi Donald Trump (ein hæðanna ber nafn hans), er handan við hornið. Það er þó skammvinn huggun. Hyggnir Ísraelsmenn eiga fótum sínum fjör að launa. Um það bil 600.000 þeirra hafa yfirgefið landið. Fyrst og fremst virðist um að ræða menntað fólk með tvöfalt ríkisfang. Vondi-Valdi hefur boðið „Rússana" velkomna „heim."

Ísraelska ríkisstjórnin skammast heiftúðlega út í þá Gyðinga, sem taka afstöðu gegn morðæði vitskertra Síonista. Hún kallar þá (og okkur hin, sem það gerum) And-Semíta. Í orðabók Bensa-barnamorðingja eru Semítar fasistarnir, sem kenna sig við Síonisma. En þeir hafa samið velþekka áróðursbók um Gyðinga í Evrópu og stofnun Ísraelsríkis.

En líklega er fólk farið að tvístíga í trúnni á goðsagnirnar um Gyðinga sem sérstök fórnarlömb vonda Evrópumanna. Fórnarlömbin hafa því miður verið skelfilega mörg. Gyðingar eru þar vissulega meðtaldir, en Slavar og Armenar þó flestir.

Ísraelska ríkisstjórnin reynir að glæða goðsagnirnar lífi í samvinnu við vestræna þjóðarleiðtoga og fjölmiðla. Þó með ámáttlegum hætti. Eins og RÚV skýrði frá fyrir skemmstu brutust út óeirðir í Amsterdam, þegar knattspyrnubullur frá Ísrael réðust að fólki og unnu skemmdarverk í borginni, einkum í tengslum við andstöðuhreyfinguna gegn þjóðarmorði ríkisstjórnar þeirra í Ísrael. Mossad stjórnaði og Bensi-barnamorðingi sendi flugvélar eftir „fórnarlömbunum."

Leiðtogar víðs vegar náðu ekki andanum af vanþóknun; Gyðingaofsóknir (progrom) á nýjan leik. Fjölmiðlar tóku undir eins og í veirufaraldrinum, töluðu einum rómi með leiðtogunum.

Á meðan héldu drápin á saklausum borgurum í Líbanon og Gaza áfram. Um 85.000 tonnum af sprengjum hefur verið sleppt yfir Gaza, síðan að útrýming Gazabúa hófst. Bandaríkjamenn fjármagna um 70% stríðsrekstrar Ísraels. Sú upphæð nemur um tuttugu milljörðum (billion) dala.

Það þarf varla að taka fram, að í augum heimsins eru það ekki hryðjuverk heldur varnaraðgerðir. Þegar ísraelsku hryðjuverkasamtökin lýstu yfir ríki sínu, Ísrael, breyttist skilgreiningin á gjörningi þeirra. Hryðjuverk og hernaður urðu að vörnum.

https://www.globalresearch.ca/german-unifil-forces-lebanese-christian-party-helps-israel-kidnapping-civilian/5872009

https://www.globalresearch.ca/joint-summit-organization-islamic-cooperation-arab-league-embargo-israel/5872733

https://www.globalresearch.ca/appeal-superpowers-stop-zionist-israeli-genocide/5872739

https://mideastdiscourse.com/2024/11/13/trumps-partner-for-peace-in-middle-east/

https://www.globalresearch.ca/wp-content/uploads/2024/11/iran-x.png 60.000

https://beeley.substack.com/p/israel-expands-genocidal-aggression?utm_source=post-email-title&publication_id=716517&post_id=151278796&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://www.globalpolitics.se/den-vanarade-cia-chefen-vill-tjana-pengar-pa-koncentrationslager-i-gaza/?jetpack_skip_subscription_popup

https://steigan.no/2024/11/netanyahu-sparker-forsvarsminister-gallant/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.youtube.com/watch?v=oI6dYNDtjQY

https://www.youtube.com/watch?v=RNXvmzTe4so

https://www.youtube.com/watch?v=SxqUeUXcMGE

https://www.youtube.com/watch?v=tzW1fWXs2pM

https://www.youtube.com/watch?v=gvZXTlRCN5U

https://steigan.no/2024/11/amerikanske-bombefly-ankommer-midtosten-for-a-stotte-israel/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2024/11/israelske-pogromer-herjer-byer-pa-vestbredden/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2024/11/jodisk-professor-arrestert-i-storbritannia-etter-pro-palestinsk-tale/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://2vbqh.r.a.d.sendibm1.com/mk/mr/sh/1t6AVsd2XFnIGLnFwrW29TkyPWsf5d/t8OqjjKm_RWX

https://www.voltairenet.org/article221333.htmlhttps://www.voltairenet.org/article221333.html

https://www.globalpolitics.se/tvekar-israel-att-sla-till-mot-iran/

https://www.youtube.com/watch?v=bFEurGy05ps&rco=1

https://sonar21.com/israel-continues-to-play-the-victim-while-killing-more-palestinian-and-lebanese-civilians/

https://www.youtube.com/watch?v=wyCrEsbOAk0

https://www.moonofalabama.org/2024/10/the-birth-pangs-of-the-new-middle-east-may-not-be-the-ones-the-us-has-wished-for.html#more

https://gilbertdoctorow.com/2024/10/05/countdown-in-iran-to-israels-counterstrike-spotlight-on-press-tv/

https://www.youtube.com/watch?v=jvQ8ARthUn0

https://chrishedges.substack.com/p/genocide-as-colonial-erasure-w-francesca?utm_source=post-email-title&publication_id=778851&post_id=150902670&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://www.voltairenet.org/article221376.html

https://en.wikipedia.org/wiki/United_Nations_General_Assembly_Resolution_273

https://www.globalresearch.ca/present-state-israel-vs-israel-bible/5870275

https://www.youtube.com/watch?v=Hcn8jew42Dg

https://www.youtube.com/watch?v=Hcn8jew42Dg

https://www.voltairenet.org/article221463.html

https://steigan.no/2024/11/israel-har-sluppet-over-85-000-tonn-bomber-inne-i-gaza-siden-folkemordet-startet/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.youtube.com/watch?v=pnpt3ackC5Ihttps://www.youtube.com/watch?v=pnpt3ackC5I

https://libertarianinstitute.org/news/washington-is-funding-70-of-israels-wars/

https://steigan.no/2024/11/smotrich-sier-trump-seier-gir-israel-mulighet-til-a-annektere-vestbredden/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://winteroak.org.uk/2024/11/13/amsterdam-gaslighting-and-the-horrible-truth/

https://palestinewillbefree.substack.com/p/israelspeak-a-guide-to-the-zionist-dictionary

https://www.globalpolitics.se/maccabi-supportrar-drabbades-inte-for-att-de-ar-judar/?jetpack_skip_subscription_popup

https://www.middleeasteye.net/news/turkey-severs-all-relations-israel-says-erdogan

https://beeley.substack.com/p/steadfast-syrian-president-rejects?utm_source=substack&utm_medium=email#media-d1fbd4a5-818f-46c2-a60c-f8a00c601155

https://steigan.no/2024/11/smotrich-sier-trump-seier-gir-israel-mulighet-til-a-annektere-vestbredden/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://winteroak.org.uk/2024/11/13/amsterdam-gaslighting-and-the-horrible-truth/

https://www.aftonbladet.se/kultur/a/WRGrrg/upprop-om-kritik-av-staten-israel

https://www.globalresearch.ca/israelis-amsterdam-chanting-fu-you-palestine/5872447

https://www.youtube.com/watch?v=5mDuxFnn2RY

https://www.kitklarenberg.com/p/hasbaras-birth-israels-war-on-media?utm_source=post-email-title&publication_id=552010&post_id=151508209&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://gilbertdoctorow.com/2024/11/11/irans-press-tv-on-postponement-of-netanyahus-corruption-trial/

https://www.aftonbladet.se/kultur/a/5EWWvW/mikael-nyberg-om-usa-s-roll-i-israel-palestinakonflikten

https://www.youtube.com/watch?v=5cXIn3LOsmg

https://www.globalresearch.ca/israel-exterminating-northern-gaza-killing-journalists/5872395

https://steigan.no/2024/11/israelsk-droneangrep-skader-seks-unifil-soldater-i-libanon/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2024/11/netanyahu-anklaget-for-a-ha-forfalsket-utskrifter-fra-krigsmoter/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.uncaptured.media/p/us-authorizes-cia-mercenaries-to?utm_source=post-email-title&publication_id=976824&post_id=150538857&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://beeley.substack.com/p/never-allow-normalisation-of-genocide?utm_source=post-email-title&publication_id=716517&post_id=150655039&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://www.kitklarenberg.com/p/how-zionists-invented-terrorism?utm_source=post-email-

title&publication_id=552010&post_id=150705585&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://www.youtube.com/watch?v=vd153dBOpDs

https://libertarianinstitute.org/foreign-policy/report-shin-bet-warned-of-possible-hamas-assault-hours-before-october-7-attack/

https://www.youtube.com/watch?v=6R9dAsDlkng&rco=1

https://chrishedges.substack.com/p/the-world-according-to-trump-w-col?utm_source=post-email-title&publication_id=778851&post_id=151352525&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://steigan.no/2024/11/israelsk-politi-arresterer-to-franske-konsulat-gendarmer-i-jerusalem-frankrikes-utenriksminister-avlyser-besok/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.arte.tv/en/videos/115065-000-A/israel-extremists-in-power/